



Reykjavík, 24. apríl 2026

USK24110057

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofa umhverfisgæða

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 6. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hvað hefur borgin keypt marga rafbíla og hversu margir ganga fyrir jarðeldsneyti? Hver er áhersla á skógrækt? Hverju hafa stór verkefni skilað í umhverfismálum? Það er mikilvægt að borgarbúar hafi upplýsingar um hvað hefur verið gert í þessum málum. Flokkur fólksins hefur lagt fram fjölda tillagna í þessum málaflokki sem var öllum hafnað. Sem dæmi lagði flokkurinn til að farið yrði í skógrækt í austur frá borginni og var þeirri tillögu einnig hafnað.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. 13. nóvember 2024.

Svar:

Árangur í umhverfismálum er tekinn saman fyrir Reykjavíkurborg á nokkra vegu. Þar ber helst að nefna áfangaskýrslur Græna plansins sem gerðar eru tvisvar á ári. Þar eru tekin saman bæði stærri og smærri verkefni sem hefur verið ráðist í eða eru á döfinni. Þá er tekið saman loftslagsbókhald fyrir árangur í loftslagsmálum innan Reykjavíkur (sjá hlekk). Auk þess eru sjálfbærnivísar borgarinnar um Umhverfi og loftgæði aðgengilegir á vefsvæði Reykjavíkurborgar sem og samantekt t.a.m. um árangur í úrgangsmálum (sjá hlekk).

Núverandi áherslur í skógrækt birtast aðalskipulagi og fylgiritum þess ásamt loftslagsáætlun. Á næstu mánuðum verður ný skógræktaráætlun fyrir Reykjavík kynnt og send til meðferðar í umhverfis- og skipulagsráði. Hjálögð er samantekt um bílafjölda Reykjavíkurborgar eftir orkugjöfum og sviðum miðað við mitt ár 2024.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Guðmundur B. Friðriksson
skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Hjálagt:



Græn borg: <https://reykjavik.is/graena-planid/graen-borg>

Loftslagsbókhald Reykjavíkur: <https://reykjavik.is/loftslagsmal>

Grænt bókhald Reykjavíkur:

<https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-05/Gr%C3%A6nt%20bo%CC%81khald%202022.pdf>

Samantekt um sjálfbærnivísa Reykjavíkurborgar:

<https://gagnahladbord.reykjavik.is/malaflokkur/sjalfbaernivisar>

Samantekt um árangur í úrgangsmálum:

<https://gagnahladbord.reykjavik.is/malaflokkur/rusl-i-ryk>

Samantekt um bílafjölda eftir orkugjöfum





Reykjavík, 9. júlí 2025

USK24110057

Samantekt um bílafjölda eftir orkugjöfum

Um mitt ár 2024 er skiptist bílafloði Reykjavíkurborgar skv. eftirfarandi töflu. Hér hefur ekki verið greint hlutfall fólksbíla, sendi- og pallbíla og sérhæfðra bíla.

Svið	Heildarfjöldi bifreiða [stk.]	Í eigu Rvk. [stk.]	Í leigu [stk.]	Hreinorku [stk.]	Jarðefnaeldsn. [stk.]	Hlutfáll hreinorku [%]
SBB	1	1	0	1	0	100%
ÞON	2	2	0	2	0	100%
FÁST	4	4	0	4	0	100%
USK	140	78	62	69	71	49%
MÍR	20	3	17	8	12	40%
SFS	17	3	14	3	14	18%
VEL	142	33	109	21	121	15%
Samtals	326	124	202	108	218	33%

Á þeim sviðum þar sem hlutfall hreinorkubíla er lágt má skýra það að hluta með því að ekki er komið að endurnýjun. Við endurnýjun bíla eru hindranir þess að keyptir eru hreinorkubílar helst þrjár:

- Hreinorkubílar eru ekki fáanlegir í þeim flokki bifreiða sem verið er að endurnýja.
- Aðstaða til hleðslu eða jafnvel bílastæði er ekki fyrir hendi.
- Tæknilegir þættir – hleðslutími og stærð rafhlöðu, ráða því að rafbílar eru ekki taldir henta starfseminni.

Á Umhverfis- og skipulagssviði er það helst tl. 1 hér að framan sem hefur komið í veg fyrir að náð er markmiði um 100% hreinorkubíla árið 2025. Pallbílar sem notaðir eru við umhirðu borgarlandsins hafa ekki fengist sem rafbílar. Um 82% smábíla, iðnaðarmannabíla, sendibíla og sorpbíla eru nú þegar hreinorkubílar. Búast má við að hreinorku pallbílar sem nýtast við umhirðu borgarlandsins komi á markað árið 2025 eða 2026.

Á Menningar- og íþróttasviði eru það pallbílar skíðasvæðanna og stærri bílar Borgarbókasafns og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins sem enn eru jarðefnaeldsneytisbílar.

Skóla- og frístundasvið er með smærri sendibíla og fólksbíla í rekstri og þar eru tækifæri til endurnýjunar með hreinorkubílum/rafbílum

Á Velferðarsviði, þar sem hlutfall hreinorkubíla er lægst hjá borginni eru það helst tl. 2 og 3 sem ráða því að ekki eru leigðir eða keyptir rafbílar.



Reykjavík